

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir
Íslandi, um hafnargjald af póstgufuskipinu.

1871.

20. oktbr.

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 26. maí þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, með bréfi 8. ágúst þ. á. sent hingað álitsskjal frá hafnarnefndinni í Reykjavík, sem fer fram á, að sú ákvörðun í hafnartaxta kaupstaðarins, að skip stjórnarinnar skuli vera laus við að greiða hafnargjald, virðist ekki geta komið í hag póstgufuskipinu »Díönu«, sem mjög er haft til flutninga, og hafið þér jafnframt lýst því yfir, að þér værið samdóma hafnarnefndinni í þessu, en samt fyndist yður það sanngjarnt, að veitt verði lækkun á gjaldinu af póstgufuskipinu, sem kemur sjö sinnum á ári til Reykjavíkur, fremur, en af öðrum skipum, sem aðeins koma þangað eitt eða tvö skipti á ári, og hafið þér þessvegna stungið uppá, að hafnartaxtinn verði endurskoðaður, til þess nákvæmar verði sagt fyrir um hafnargjald það, sem greiða skuli af póstgufuskipinu, en þangað til þetta verður, skuli farið eftir þeirri ákvörðun, sem til þessa hefir verið fylgt, og skipar hún svo fyrir, að af póstgufuskipinu skuli greiða hið vanalega gjald.

Eftir að vèr höfðum meðtekið nefnt bréf yðar, leitumum vèr álits aðalpóststjórnarinnar um þetta mál, og var þess jafnframt getið, að stjórnarráðið yrði að vera á sama máli og þér um það, að það sè sanngjarnt, að nokkur linun í gjaldinu verði veitt póstgufuskipinu; í svari uppá þetta hefir aðalpóststjórnin getið þess, að hún fyrir sitt leyti verði að skírskota til álits skipstjórnarmanns póstgufuskipisins, Kapt. Jacobsens, en af þessu álitsskjali fylgir eptirrit; hefir hann látið í ljósi, að gjaldið eptir fyrnefndum hafnartaxta sè of mikið í sjálfu sèr, og sèr í lagi að því leyti, er snertir póstgufuskiðið, og stingur hann uppá, að veitt verði lækkun á gjaldinu af því, sem samsvari hèr um bil 35 af hundraði á þann hátt, sem hann nákvæmar skýrir frá í álitu sínu.

Útaf þessu mælumst vèr til, að þér, herra stiptamtmaður leitið til samninga við hlutadeigandi bæjarstjórn um það, að almenn endurskoðun hafnartaxtans fari fram, og verði þá allsendis að taka tillit til, að lækkað verði gjaldið af póstgufuskipinu hèr um bil um svo mikið, sem Kapt. Jacobsen hefir dregið á í nefndu álits-

1871. skjali sínu. Um málalokin væntum vèr að fá skýrslu, þegar að
20. oktbr. því kemur.

23. oktbr. **92. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um uppreist fyrir prestsekkju.**

Um leið og vèr sendum yður, herra amtmaður, konunglegt leyfisbréf, sem veitir, að Guðbjörg Aradóttir, ekkja sèra Þorsteins Jónssonar á Þóroddstað í Þingeyjarsýslu, megi, þótt hún hafi gjört sig seka að legorði, njóta þeirra réttinda, sem prestsekkjur á Íslandi eiga tilkall til, mælumst vèr til, að þèr fáið henni tæð leyfisbréf, gegn því að hún greiði 16 rd. 80 sk., sem er lögbúið gjald fyrir það, og verði þèr að gjöra grein fyrir þessu fè í næsta reikningi yðar um gjöld þau, sem þèr takið við fyrir konungleg leyfisbréf.

31. oktbr. **93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um klausturgóz í Vestur-Skaptafellssýslu.**

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 28. febr. og 7. nóvbr. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað álitsskjöl frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu og umboðsmanni Þykkvabæjar- og Kirkjubæjarklausturs um bænarskrá nokkra, þar sem settur málafærlumaður við hinn íslenska landsyfirrett, Jón Guðmundsson, sækir um:

A. 1. að settir verði þrír reyndir menn til að gjöra uppástungur um nýtt jarðamat klausturgózens í Vestur-Skaptafellssýslu, og um hæfilegan gjaldmáta fyrir jarðirnar, sem heyra undir tæð góz;

2. að gjörð verði uppástunga til bráðabirgða um það, að afgjaldið af þeim jörðum, sem geta borið meira afgjald, en hingað